

Leiðbeiningar fyrir eftirlit með framleiðslu snyrtivara

Samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 skulu heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og senda upplýsingar um niðurstöður eftirlitsins til Umhverfisstofnunar.

Snyrtivara sem er boðin fram á markaði skal vera örugg fyrir heilbrigði manna og skal því uppfylla kröfur í reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiddi reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Á eftirfarandi slóð á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna framangreindar reglugerðir um snyrtivörur og breytingar á þeim:

<http://ust.is/umhverfisstofnun/log-og-reglur/reglugerdir/efni-og-efnavorur/>

Einnig eru ýmsar nytsamlegar upplýsingar um snyrtivörur á eftirfarandi slóð:

<http://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>

Hér á eftir er farið yfir þætti sem mikilvægt er að skoða eða minna á í eftirliti hjá framleiðendum snyrtivara.

1. Framleiðsluhættir

Ganga úr skugga um að farið sé eftir staðli um góða framleiðsluhætti við framleiðslu snyrtivara (ÍST EN ISO 22716:2007).

2. Innihaldsefni

Skoða skal innihaldsefni framleiðsluafurðar með eftirfarandi í huga:

- Skilyrði og takmarkanir sem gilda um ákveðin efni er varðar notkun í snyrtivörum (sjá í III. viðauka með reglugerð (EB) nr. 1223/2009).
- Að eingöngu er leyfilegt að nota ákveðna litgjafa, rotvarnarefni og efni til UV-súnar í snyrtivörum (sjá í IV., V., og VI. viðauka með reglugerð (EB) nr. 1223/2009).
- Hvort varan innihaldi bannað innihaldsefni sbr. II. viðauka.

3. Merkingar á framleiðsluafurð

Fara skal yfir merkingar á umbúðum snyrtivara. Ef ekki er mögulegt að koma öllum merkingum fyrir á umbúðum mega þær vera á fylgiseðli. Merkja skal umbúðir snyrtivara eins og sýnt er á myndinni hér til hliðar. Hér á eftir er farið yfir skyldubundnar merkingar:

- Skrá yfir innihaldsefni undir yfirskriftinni „Innihaldsefni“, auðkennd með INCI heiti efna eða öðru alþjóðlegu heiti, talin upp í lækkandi röð eftir þyngd þeirra. Öll innihaldsefni á formi nanóefna skulu tilgreind og skal setja orðið „nanó“ innan sviga. Ilmefni eða lyktarefni skulu einnig talin upp.



- Aðrar merkingar mega vera á ensku og Norðurlandamáli öðru en finnsku að undanskildum notkunarskilyrðum og varnarorðum sem skylt er að hafa á íslensku á umbúðum eða á fylgiseðli vegna efna sem talin eru upp í III.-VI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009.
- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila sem er framleiðandi snyrtivöru eða aðila sem hefur fengið til þess skriflegt umboð frá framleiðanda.
- Hlutverk vöru nema að það skýrist út frá umbúðum hennar.
- Dagsetning lágmarksgeymsluþols á eftir orðunum „Best fyrir“ eða á eftir táknu hér til hliðar (tímaglas). Tilgreina skal annað hvort mánuð og ár eða dag, mánuð og ár. Ef opnun umbúða hefur áhrif á geymsluþol eða öryggi vörunnar skal nota annað tákni (sjá dós með opnu loki hér til hliðar) og skal fjöldi mánaða eða ára ritaður inn í það. Ekki er skylda að upplýsa um geymsluþol ef það er meira en 30 mánuðir og óháð opnun umbúða.
- Númer framleiðslulotu eða tilvísun sem gerir kleift að sanngreina vöru.
- Magn vöru við pökkun (þyngd eða rúmmál).
- Ef fylgiseðill fylgir með vörunni skal táknið hér til hliðar vera á umbúðum.



Mikilvægt er að minna framleiðendur á eftirfarandi skyldur:

1. Við markaðssetningu skal liggja fyrir vöruupplýsingaskjal og öryggismat fyrir vöru.
2. Sannprófa skal fullyrðingar um virkni snyrtivöru með rannsóknum eða öðrum leiðum (sjá reglugerð (ESB) nr. 655/2013).
3. Tilkynna skal um fyrirhugaða markaðssetningu snyrtivöru í CPNP vefgátt ESB (Cosmetic Products Notification Portal). Með því er tryggt að upplýsingar um snyrtivörur á markaði séu á einum stað og aðgengilegar eiturefnamiðstöðvum, læknum o.fl.